

Bæjarskrifstofur Garðabæjar

b/t Bæjarráðs Garðabæjar og bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 3.5.2018

Í lok árs 2015 fór fram útboð á akstri hjá Strætó bs. að allt að 50% hlutdeild í heildarumfangi aksturs hjá Strætó. Þann 7. desember 2015 eru undirritaðir samningar í kjölfar útboðs milli Strætó bs. og Hópferða-Kynnisferða ehf., þar sem grunnviðmiðunarfjárhæð samningsins er um 1,3 milljarða króna. Þann 26. maí 2016 í kjölfar bréfs ríkisskattstjóra varðandi að aðkeypt aksturspjónusta eigi að vera undanþegin virðisaukaskatti er gerður viðaukasamningur milli Strætó bs. og Hópferða-Kynnisferða þar sem grunnviðmiðunarfjárhæð samningsins er lækkuð um 2% (en ekki fjárhæð virðisaukans sem er 11%). Upphafleg samningsfjárhæð er þannig hækkuð um 9% frá umsaminni útboðsfjárhæð. Einnig er gengið til samninga við Hagvagna hf. varðandi akstur fyrir fatlað fólk þar sem grunnviðmiðunarfjárhæð samningsins er um 500 milljónir króna. Upphaflegur samningur og viðaukasamningur er undirritaður 25. maí 2016 en viðaukasamningurinn er lækkaður um 2,5% (í stað 11%). Hækkun nemur því um 8,5% frá umsaminni útboðsfjárhæð. Óskað hefur verið skýringa hjá stjórnendum Strætó bs. Ekki er hægt að sjá á fundargerðum Strætó að hækkun þessi hafi verið tekin fyrir af stjórn.

Í ársreikningum Strætó fyrir árið 2017 kemur fram að raunveruleg aksturskaup af Hópferðum – Kynnisferðum ehf. hafi numið um 2,2 milljörðum á árinu og 1,5 milljarði við Hagvagna hf. Hækkun þessi nemur því um 300 milljónum á ársgrundvelli miðað við aksturskaup á árinu 2017 og um 1,5 milljarði á samningstímanum.

Þar sem viðhlýtandi skýringar liggja ekki fyrir á framgreindum hækkunum samninga er hér með óskað eftir þeim formlega. Einnig er óskað upplýsinga um hvort fulltrúa Garðabæjar í stjórn Strætó bs hafi verið kunnugt um hækkanirnar sem gerðar voru í viðaukasamningunum (annars vegar 9% og hins vegar 8,5%) frá umsaminni útboðsfjárhæð.

f.h. FÓLKSINS- í bænum

María Grétarsdóttir